

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um  
prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009  
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af Gísla Gunnarssyni og Drífu Hjartardóttur  
Frsm. Gísli Gunnarsson

1. gr.

■9. gr. verði svohljóðandi: Sviðsstjóri ákveður umbúnað fasteigna kirkjumálasjóðs og ásýnd þeirra í samráði við kirkjuráð. Skal hann m.a. taka tillit til fornminja, náttúru-minja, húsafriðunar, umhverfisstefnu og ferðaþjónustu eftir því sem við á.

2. gr.

■5. mgr. 21.gr. starfsreglna, sem fjallar um leigu greiðslumarks, fellur brott.

3. gr.

■Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi við birtingu.

### *Greinargerð*

Um 1. gr.

Á kirkjuþingi 2014 var ákveðið að leggja niður fasteignanefnd þjóðkirkjunnar og tók kirkjuráð við þeim verkefnum sem áður tilheyrðu fasteignanefnd.

Í 9. gr. starfsreglna láðist að taka orðið fasteignanefnd út úr textanum og er hér því eingöngu um lagfæringu á texta að ræða til samræmis við ákvörðun kirkjuþings 2014.

Um 2. gr.

Lagt er til að núgildandi reglur um leigugreiðslur af greiðslumarki falli niður. Núgildandi reglur eru bæði óljósar og erfiðar í framkvæmd, enda hefur komið í ljós að þessar reglur tryggja ekki að jafnræðis sé gætt.

Greiðslumark er auk þess eign viðkomandi jarðar og er áunnið með vinnu þeirra sem á jörðinni búa.

Samkvæmt nýjum búvörusamningum munu greiðslur vegna ærgilda á jörðum fara lækkandi og aflagðar innan fárra ára. Greiðslur munu hins vegar aukast með öðrum hætti svo sem vegna ræktunar og heyskapar.

Hér er fyrst og fremst um réttlætismál að ræða, en ekki fjárhagslegt, því leigutekjur þær sem kirkjumálasjóður fær með þessum hætti eru óverulegar.